

Ed.

191. Frumvarp til laga

um breyting á lögum nr. 1 26. marz 1924, um brunatryggingar í Reykjavík.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Pétur Magnússon, Brynjólfur Bjarnason,
Haraldur Guðmundsson, Magnús Jónsson.

1. gr.

2. gr. laganna orðist þannig:

Hafi bæjarstjórn gert slíkan samning, skulu öll hús í lögsagnarumdæminu, hvort sem þau eru almennings eign eða einstakra manna, tryggð hjá félögum þeim, sem samið er við, með fullu verði þeirra eftir virðingu dómkvaddra manna og með þeim kjörum og fyrir þau iðgjöld, sem samningurinn tiltekur. Bæjarstjórn skal hafa eftirlit með virðingargerðunum, og skal ekkert hús tekið í ábyrgð fyrir hærri upphæð en hún álitur hæfilega. Ný hús skal virða ekki síðar en 4 vikum eftir að þau eru fullgerð eða tekin til afnota.

Bæjarstjórn er heimilt að breyta árlega brunabótaverði húsa samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar í Reykjavík, eftir reglum, er bæjarstjórnin setur með samþykki ráðherra.

Vísitölu byggingarkostnaðarins reiknar Hagstofa Íslands árlega í janúarmánuði samkvæmt verðlagi næstliðins árs miðað við byggingarkostnað árið 1939. Fyrir janúarlök 1944 reiknar hagstofan vísitölu byggingarkostnaðar árin 1940—1942.

2. gr.

Í stað „1000“ í 4. gr. laganna komi: 10000.

Greinargerð.

Samkvæmt því, sem núgildandi lögum og reglum um brunabótamat húsa í Reykjavík hefur verið beitt, er húseigendum í sjálfsveld sett, hvenær þeir láta endurmeta hús sín til brunabóta. Á undanförunum árum hefur orðið mjög mikil röskun á brunabótamatinu vegna verðhækkunarinnar. Aðeins um helmingur húseigna í bænum hefur verið endurmetinn, síðan verðlagið tók að hækka af völdum ófriðarins, þrátt fyrir það, að byggingarkostnaðurinn mun nú hafa 4—5-faldast. Mat þeirra húsa, sem endurmetin hafa verið á árunum 1940, 1941 og fram á síðari hluta ársins 1942, er og þegar orðið allt of lágt miðað við núverandi byggingarkostnað. Mikill hluti húseigna í bænum er því aðeins tryggður að nokkrum hluta af núverandi verðmæti þeirra, húsín eru m. ö. að miklu leyti í sjálftryggingu eigendanna. Slíkt er mjög óheilbriggt bæði fyrir húseigendur og váttryggjendur, enda algerlega ósamrímamlegt tilgangi almennra skyldutrygginga. Á þessu þarf að ráða bót. Húsín þurfa að vera tryggð „með fullu verði“ á hverjum tíma, eins og tekið er fram í núgildandi lögum (2. gr.), eða sem næst því. Lögnum er því alls ekki framfylgt að þessu leyti samkv. núverandi brunabótamati, enda naumast hægt með núgildandi ákvæðum um endurmat.

Á miklum og örum verðbreytingatímum getur brunabótamatið ekki fylgzt með verðlagsbreytingunum eða breytingum byggingarkostnaðarins, þegar húseigendur eru einráðir um, hvenær þeir láta endurmeta húsin. Margir húseigendur láta undir höfuð leggjast að fá húsin metin upp af athugunarleysi, aðrir, einkum þeir, sem eiga nokkurn veginn eldtraust hús, kæra sig ekki heldur um það, bæði vegna kostnaðarins við endurmatið og hækkunar iðgjaldagreiðslanna. Og þó að húseigendur væru allir af vilja gerðir, gætu þeir ekki fyllilega fylgzt með verðlagsbreytingunum. Matið verður fljótt úrelt, fjarlægist fljótt hið gildandi verðlag á hverjum tíma. Auk þess er endurmatið allkostnaðarsamt fyrir húseigendur.

Á verðbreytingatímum eins og þeim, sem nú eru, er nauðsynlegt, til þess að grundvöllur trygginganna raskist ekki, að hægt sé að breyta brunabótaverðinu almennt, án þess að vanaleg virðingargerð fari fram. Er það hægt með því að láta matið árlega breytast í samræmi við breytingar byggingarkostnaðarins eftir vísitölu, svo sem ráð er fyrir gert í frumvarpinu.

Frumvarp þetta hefur verið lagt fyrir bæjarráð Reykjavíkur til athugunar, og mælir bæjarráð með því, að frv. verði samþykkt að meginstefnu til.

Flutningsmenn áskilja sér rétt til að gera breytingartillögur um einstök atriði.